



## Fundargerð stjórnar SOS nr. 324

**Staður:** Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

**Dagsetning og tími:** 2. apríl kl. 15:00.

Mætt voru Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Bragi Bjarnason (BB) Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð. Þá mætti á fundinn Bjarni Guðmundsson (BG) frá SASS.

### 1. Ársreikningur SOS 2023

Farið yfir helstu tölur og upplýsingar í ársreikningi SOS 2023. Stjórn samþykkir og undirritar ársreikning 2023 eins og hann er lagður fram.

### 2. Minnisblað v. ferðar til Finnlands – Skoðun á brennslustöð

Skriflegt erindi barst frá formanni SOS til stjórnar þann 27. desember 2023 þar sem óskað var heimildar til þess að formaður færi í ferð til Finnlands fyrir hönd SOS til skoðunar á nýrri tækni í sorpbrennslu vegna mögulegra brennslulausna á Suðurlandi. Ferðin var fyrirhuguð 18.-20. janúar 2024 og var áætlaður kostnaður við ferðina um 200.000 kr. Var erindið samþykkt samhljóða af hálfu stjórnarmanna.

Minnisblað formanns vegna ferðarinnar lagt fram til kynningar. Í minnisblaðinu kemur meðal annars fram að stöð eins og sú sem skoðuð var er spennandi kostur til nánari skoðunar fyrir sveitarfélög/sorpsamlög á Íslandi en að afla þurfi frekari upplýsinga, eiga samráð við eftirlitsstofnanir og umfram allt reikna út arðsemi slíkrar stöðvar.

### 3. Fundargerð samráðsvettvangs – Staða á vinnu við sorpbrennslustöð

Fundargerð frá fundi í mars lögð fram til kynningar.

### 4. Önnur mál

Önnur mál ekki rædd.

Gert er ráð fyrir að næsti fundur stjórnar verði haldinn þann 16. apríl kl. 15:00.

Fundi slitið klukkan 15:45.